



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 7. fundur framkvæmdastjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 16.06. 2011  
**Tímasetning:** 13:00  
**Staður:** Hettan

#### Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	
Jón Óli Benediktsson	
Kristbjörg Jónasdóttir	

#### Fjarverandi:


### 2. Markmið fundar

Fara yfir stöðu samninga og erindi frá sýslumanni

### 3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Yfirferð yfir samninga	Davíð	15
Bréf frá sýslumanni	Davíð	15

### 4. Helstu umræður

Farið var yfir nýgerðann samning við Samkaup og innihald hans rætt. Mikil ánægja er með þennan samning og skiptir hann félagið gríðarlega miklu máli.

Einnig var farið yfir samninga sem eru í burðarliðnum og er Davíð með þau mál á sinni könnu, 3 samningar til viðbótar eru nánast tilbúnir til undirskriftar.

Bréf frá sýslumanni barst formanni um síðustu helgi þar sem tilkynnt er um árangurslaust fjárnám á hendur félaginu vegna skuldar körfuboltadeildar. Samkvæmt bréfi getur kröfuhafar óskað eftir gjaldþrotaskiptum á búi félagsins. Þessi beiðni er gerð að beiðni Héraðsprents.

Einnig var rætt boð um formannafund hjá UÍA þann 28. Júní 2011 en þar verður rætt um hvernig hugsanleg skipting ágóða vegna landsmóts verður framkvæmd af hálfu UÍA. Davíð mun ekki fara á



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Þennan fund og verða því Kristbjörg eða Jón fulltrúar Hattar á þeim fundi. Formenn deilda eru boðaðir á þennan fund en hafa ekki atkvæðisrétt.

### 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Sjá aðgerðarlista.

### 6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.
Boða til fundar vegna bréfs frá sýslumanni	Davíð		20.06.2011
Boða formenn deilda á fund hjá UÍA, 28. Júní 2011	Davíð		Lokið

Fundi slitið kl 14:00.